

**1** **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í**  
16. jan. **Norður-Múlasýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 28. nóv. f. á., og beiðni hreppsnefndarinnar í Seyðisfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til þess, að þingstaður Seyðisfjarðarhrepps verði fluttur frá Seyðisfjarðarkaupstað í skólahús hreppsins á Þórarinsstaðæyrum, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**2** **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í**  
28. apríl **Dalásýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 10. þ. m., og beiðni oddvitans í Laxárdalshreppi í Dalásýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til að þingstaður Laxárdalshrepps verði fluttur frá Hjarðarholti til Búðardals, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**3** **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumanns-**  
26. maí **ins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Kirkjuvogi í Hafnahreppi.**

Með bréfi dags. 19. þ. m. hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Gullbringusýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Kirkjuvogi í Hafnahreppi, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Kirkjuvogi í Hafnahreppi, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hér segir:

Bein stefna úr Kirkjuvogssundvörðu, sem stendur á tanga að sunnanverðu við Ósa og í sýsluveginn og innan þessara takmarka að beygja, sem er á veginum þar sem hann breytir stefnu heim að Kirkjuvogi og sem merkt er á

meðfylgjandi uppdrætti með X. Þaðan suður í Bræður, sem er stór klofinn klapparhóll með tveimur vörðum á. Þaðan beina stefnu í Merkinessundvörðu. **3** 26. maí

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar skal lagt fyrir yður að sjá um að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt með skjölum hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti halda við á hreppssjóðs-kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Guðlaugar Hjálmarsdóttur handa heilsuveilum þjónustukonum í Reykjavík, 60 ára eða eldri“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. janúar 1931. Skipulagsskráin er þannig: **4** 21. jan.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Styrktarsjóð Guðlaugar Hjálmarsdóttur handa heilsuveilum þjónustukonum í Reykjavík, 60 ára eða eldri.**

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðafyrirmælum Guðlaugar Hjálmarsdóttur. Höfuðstóllinn er verðmæti þau, sem útlögð verða á skiptum á húsi hennar, og mun verða gerð áritun þar að lútandi á skipulagsskrá þessa.

2. gr.

Sjóðnum stjórna 3 menn, sá dómkirkjuprestanna í Reykjavík sem elztur er að embættisaldri, frikkirkjupresturinn í Reykjavík og einn maður tilnefndur af bæjarstjórn Reykjavíkur, og vinna þeir kauplaust. Stjórninni ber að gera reikningsskil árlega, sem dómsmálaráðuneytið endurskoðar og úrskurðar.

3. gr.

Höfuðstóllinn skal geymdur samkvæmt fyrirmælum um fé ómyndugra, helzt í rikisskuldabréfum, veðdeildarbréfum eða lánafélagsskuldabréfum; verðbréfin skulu skráð á nafn sjóðsins, og ritar dómsmálaráðuneytið á þau bannáritun. Ekki má leggja féð í hlutabréf eða útlán til einstakra manna.